NÝTT
Helgarblað
ÞJÓÐVILJINN

Málgagn sósíalisma, þjóðfrelsis og verkalýðshreyfingar
Síðumúla 6, 108 Reykjavík

Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðviljans
Framkvæmdastjóri: Hallur Páll Jónsson
Ritstjórar: Árni Bergmann, Ólafur H. Torfason
Umsjónarmaður Helgarblaðs: Ólafur Gíslason
Fréttastjóri: Sigurður Á. Friðþjófsson
Útlit: Þröstur Haraldsson
Auglýsingastjóri: Olga Clausen
Afgreiðsla: ☎ 68 13 33
Auglýsingadeild: ☎ 68 13 10 – 68 13 31
Símfax: 68 19 35
Verð: í lausasölu 140 krónur
Setning og umbrot: Prentsmiðja Þjóðviljans hf.
Prentun: Blaðaprent hf.

Orsök og afleiðing

Á öllum vettvangi tilverunnar er mikilvægt að reyna að gera sér grein fyrir muninum á orsökum og afleiðingum, skilja söguna til að geta skapað fyrir framtíðina. Það eitt að skoða staðreyndirnar, lýsa niðurstöðum, getur hæglega leitt til rangrar stefnumótunar, ef forsendur eru ekki ljósar, orsakir skýrar.

Í setningarræðu sinni við upphaf 9. landsfundar Alþýðubandalagsins í gær fórust formanni flokksins, Ólafi Ragnari Grímssyni, orð á þennan veg:

„Heimur er í sköpun. Heimsmyndin nýja krefst hugdirfsku og áræðis. Forsendur fyrri tíma glata gildi sínu á einni nóttu. Já, heimur í sköpun, en einnig heimur í hættu."

Þessi vel völdu, hnitmiðuðu orð eru kjarninn í boðskap þeim sem formaðurinn túlkaði síðan í máli sínu. Hann skilgreindi atburði síðustu daga, vikna og mánaða í Austur-Evrópu og fagnaði þeim lífsþrótti sem nú á í vændum vaxtarrými í samfélögum lýðræðis og jöfnuðar. Á sama hátt fordæmdi hann frjálshyggjuna og minnti á afleiðingar hennar hérlendis og á alþjóðavettvangi.

Ólafur Ragnar Grímsson skyggndist á bak við atburðina með augum hins reynda stjórnmálakönnuðar og þátttakanda. Honum er vel lagið að skilgreina þætti sem líklegir eru til að villa okkur sýn, ef við áttum okkur ekki á muninum á orsökum og afleiðingum í stjórnmálunum.

Hvað stýrir efnahags- og menningarþróun í heiminum? Eru það einstakir atburðir, eins og hrun Berlínarmúrsins, eða kannski djarfar ákvarðanir forystumanna?

Svarið er í báðum tilvikum nei. Þótt vinnuvélstjórarnir sem sundra Berlínarmúrnum vinni gott starf, er ofrausn að þakka þeim niðurrifið. Og það er á sama hátt villandi að heiðra ákveðna persónuleika austan tjalds og vestan fyrir framsýni og kjark.

Orsök framfaranna eru hugmyndir sem ræddar eru og fá að þróast. Afleiðingin er snjallir forystumenn, réttar ákvarðanir, afdrifaríkir atburðir. Ólafur Ragnar Grímsson og aðrir leiðtogar í heimi stjórnmálanna teljast á þann hátt til afleiðinga en ekki orsaka.

Formaður Alþýðubandalagsins vék reyndar sjálfur að þessum sannleika í ræðu sinni og sagði:

„Flokkur sem er skapandi hreyfing hikar aldrei við að líta heiminn réttum augum. Flokkur sem er skapandi hreyfing kveinkar sér aldrei undan lærdómum reynslunnar. Flokkur sem er skapandi hreyfing hleypur ekki frá erfiðum verkum."

Þessi ummæli Ólafs Ragnars Grímssonar bera vitni um traust hans og skilning á úrslitaþýðingu stjórnmálaflokkanna. Þeir hafa tekið að sér eitt grundvallarhlutverk lýðræðisþjóðfélaganna, eru sjálfboðaliðasamtök ábyrgra smiða í því ef svo má að orði komast. Í deiglum flokkanna eru málmarnir bræddir, hamraðir og þeim komið í nýtanlegt form, samfélaginu öllu til heilla.

Allir sem tekið hafa þátt í pólitísku starfi kannast við andrúmsloft smiðjunnar. Þar verða slíkar sveiflur í hitastigi, hljómum og þef, að sumir hrökkva undan þegar mest gengur á. En slíkt er öðrum þræði eðli allrar smíði. Formaður Alþýðubandalagsins sagði í niðurlagi ræðu sinnar:

„Í flokki okkar eru og eiga að vera margar vistarverur. Hann verður aldrei breiðfylking án þess að umburðarlyndi og fjölskrúðug lýðræðisleg umræða fái að njóta sín til fullnustu. Enginn okkar er handhafi sannleikans. Við eigum öll að bera virðingu fyrir leit hvers annars."

Setningarræða Ólafs Ragnars Grímssonar er birt í heild hér í Þjóðviljanum í dag. Hún er þarft lesefni öllum þeim sem vilja átta sig á helstu atriðum nútíma stjórnmála, á Íslandi og í umheiminum. Augljóst er af boðskap formanns Alþýðubandalagsins hve mjög hann lítur til framtíðar, hve hátt hann skipar þeirri kröfu að við búum börnum okkar betri heim.

Inntak sósíalismans er þessi skilgreining á veruleika fortíðar og samtíma og áætlun um framtíðina. Aðrar stjórnmálahreyfingar reyna tíðum að líkja eftir þessari vinnuaðferð. En grundvöllur aðferðarinnar er upp sprottinn í sósíalismanum. Hugmyndaforði hans er orsökin. Einn mesti sigur hans er þessi afleiðing, þetta landnám í hugum jarðarbúa í fjölmörgum flokkum, krafan um betri heim, meiri jöfnuð, – réttlæti.

ÓHT

Fyrirbæri úr djúpinu

Jóhanna Bogadóttir sýnir að Kjarvalsstöðum

„Þetta eru fyrirbæri sem sækja á mig, sum hvað eftir annað og árum saman, og geta haft margræða merkingu. Eins konar frummyndir eða erkitýpur um manninn, náttúrukraftinn, lífið, dauðann og upprisu eða flug í óeiginlegri merkingu."

Eitthvað á þessa leið sagði Jóhanna Bogadóttir þegar hún sýndi okkur málverk og teikningar sem hún var að hengja upp í Vestursal og anddyri Kjarvalsstaða í vikunni. Jóhanna hefur notið starfslauna sem borgarlistamaður síðasta árið, og er sýningin afrakstur þess tíma og reyndar síðustu þriggja ára, en þrjú ár eru síðan Jóhanna hélt síðast einkasýningu í Reykjavík.


Myndir Jóhönnu eru ólgandi af tilfinningahita sem fyrr, en miðað við síðustu sýningu eru verk hennar nú fyllri í sér og heitari í lit um leið og formin verða óhlutbundnari og meira í líkingu við eins konar frummyndir sóttar djúpt í undirvitund mannsins, sem geta orðið býsna áleitnar.

Jóhanna sagðist hafa dvalið í A-Skaftafellssýslu síðastliðið sumar og sótt áhrif og kraft í skaftfellska jökla og gljúfur.

„Áhrifa frá Indlandsferð minni fyrir ári gætir líka í nýjustu myndunum, en það ferðalag var svo yfirþyrmandi reynsla að ég er fyrst að byrja að geta unnið úr henni núna eftir eitt ár."


Sýning Jóhönnu að Kjarvalsstöðum verður opnuð á laugardag kl. 14 og verður síðan opin alla daga kl. 11-18 til 3. desember.

-ólg




Jóhanna Bogadóttir með nokkrum verka sinna á sýningunni að Kjarvalsstöðum. Ljósm. Kristinn.

Helgarveðrið



Horfur á laugardag: NA-átt og vægt frost um mest allt land. Él víða við strendur landsins, síst V-lands.



Horfur á sunnudag: Hæg breytileg átt og bjart veður víðast hvar. Þó líklega V-strekkingur við N-ströndina síðdegis. Nokkurt frost inn til landsins en hiti nálægt frostmarki við sjóinn.
Og ekki orð um það meir!